

Nd. **415. Frumvarp til laga** [134. mál]
um breyting á lögum nr. 49 1974, um lífeyrissjóð sjómanna.

(Eftir 2. umr. í Nd., 8. mars.)

1. gr.

1. mgr. 7. gr. laganna orðist svo:

Stjórn sjóðsins skal sjá um ávöxtun á fé hans, og skal það gert á eftirfarandi hátt:

1. Í ríkisskuldabréfum.
2. Í skuldabréfum, sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs.
3. Í skuldabréfum bæjar- og sveitarfélaga.
4. Í vaxtabréfum veðdeildar Landsbankans eða Búnaðarbankans.
5. Í bönkum og sparisjóðum, sem fullnægja ákvæðum laga nr. 69/1941.
6. Í skuldabréfum tryggðum með veði í húseignum allt að 65% af brunabótamatsverði, eða sé brunabótamat ekki fyrir hendi þá af matsverði, sem ákveðið er af 2 mönnum, sem fjármálaráðherra tilnefnir, og allt að 75% af fasteignamatsverði lóða í kaupstöðum og kaптúnunum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.